

Öflug leiðtogapjálfun
fyrir fulloröna sjálfboðaliða





Öflug leiðtogaþjálfun fyrir fullorðna sjálfbóðaliða

Skátahreyfingin er uppeldishreyfing sem hefur það markmið að veita **ungu fólki tækifæri til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir** samfélagsþegnar. Fullorðnir skátar eru kjölfestan í góðu skátastarfi, þeir eru ábyrgir fyrir uppeldislutverki hreyfingarinnar.

Gilwell-leiðtogaþjálfuninni er ætlað að byggja ofan á reynslu þátttakenda og gera þeim kleift að marka sér stefnu og setja sér markmið til enn frekari þroska, átaka og sigra í skátastarfi og í lífinu yfirleitt.

Í Gilwell-leiðtogaþjálfuninni fá þeir innsýn í hlutverk fullorðinna sjálfbóðaliða í skátastarfi og öðlast þekkingu og færni til að leiða starfið og leggja þar með sitt af mörkum til betra samfélags. Þjálfunin hjálpar þeim að takast á við þau störf sem þeir hafa kosið sér. Hún veitir þátttakendum líka tækifæri til að efla leiðtoga-hæfni sína almennt, en það veitir einstaklingum aukið sjálftraust og nýttist bæði



beint og óbeint í einkalífi og fjölskyldulífi og á vettvangi atvinnulífsins. Gilwell-leiðtogaþjálfunin er persónuleg vegferð hins fullorðna skáta til að halda áfram að þroskast og eflast í lífi og starfi.

Í hópum fullorðinna skáta er líka að finna fólk sem gaman er að deila geði við, vaxa með og þroskast af skemmtilegri glímu við margs konar viðfangsefni sem svo augljóslega gagnast ungu fólki sem er að þroskast til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir samfélagsþegnar.

Það er sameiginlegt viðfangsefni allra sem leggja af stað í þessa vegferð að vaxa og þroskast sem manneskjur í samvinnu við aðra sem eru á sömu leið. Góður leiðtogi er ekki sá sem stjórnar eða leiðir aðra með skipunum. Góður leiðtogi getur unnið í teymi með öðrum og laðað fram það besta bæði hjá einstaklingum og hópum – og góður leiðtogi er einnig „leiðtogi í eigin lífi“.

Stefnt er að því að sem allra flestir fullorðnir sjálfbóðaliðar í skátastarfi ljúki fyrri hluta Gilwell-leiðtogaþjálfunar og helst bæði fyrri og seinni hluta. Þeir sem ljúka þjálfuninni fá viðurkenningarskjal og alþjóðleg einkenni því til staðfestingar.

Gilwell-leiðtogaþjálfunin er byggð á sömu grundvallarforsendum og samsvarandi þjálfun um allan heim þar sem skátahreyfingin starfar. Hún á rætur að rekja til 1919 þegar fyrsta Gilwell-námskeiðið var haldið fyrir skátaforingja í Gilwell Park í London. Nafn leiðtogaþjálfunar skátahreyfingarinnar, Gilwell-leiðtogaþjálfun eða „Wood badge“, tengist alþjóðlegum uppruna og er í samræmi við sams konar þjálfun um allan heim.



Gilwell-grunnþjálfun

Þó að allir sem ljúka Gilwell-leiðtogaþjálfun fái sömu grunnsýn í hugmynda- og aðferðafræði skátahreyfingarinnar býðst hverjum og einum að velja um tvær námsleiðir. Önnur er ætluð þeim sem vilja starfa sem sveitarforingjar eða aðstoðar-sveitarforingjar með skátum á aldrinum 7 til 22 ára og hin er ætluð þeim sem hafa áhuga á að vinna skátahreyfingunni gagn með því að sinna ýmsum stjórnunarstörfum innan skátafélags eða á sameiginlegum vettvangi skátastarfs, t.d. á vegum Bandalags íslenskra skáta. Þessar tvær námsbrautir eru kallaðar **sveitarforingjaleið** og **stjórnunarleið**. Þau sem velja sveitarforingjaleiðina geta að sjálfsögðu valið sér tiltekið aldursstig til að vinna með, t.d. dreka-, fálka-, drótt-, rekka- eða róverskáta. Báðar leiðirnar eru jafngildar sem Gilwell-leiðtogaþjálfun og þeir sem ljúka þeim á fullnægjandi hátt fá Gilwell-einkennin.



Gilwell-grunnþjálfunin samanstendur af tveimur hlutum og fimm „skrefum“:

Fyrri hluti (skref 1 og 2)

er fólgin í tveimur dagslögum námskeiðum um starfsgrunn skáta, markmið og leiðir í skátastarfi. Þátttakendur fá Gilwell-hnúttinn að loknum fyrri hluta.

Seinni hluti (skref 3-5)

samanstendur af tveimur dagslögum námskeiðum um verkefni í skátastarfi, áætlanagerð, skipulagningu skátastarfs eða viðburðastjórnun og fimmta skrefinu sem er helgarnámskeið og fjallar um leiðtogafræði, sjálfsmynd, sjálfsmat og sjálfsefningu leiðtogans. Brautskráning er við lok 5. skrefs með afhendingu Gilwell-einkenna.

Gert er ráð fyrir að þeir sem ljúka Gilwell-leiðtogaþjálfun og bera Gilwell-einkennin hafi lokið námskeiði í „fyrstu hjálp“ frá viðurkenndum aðila auk námskeiðs um „einelti, ofbeldi og barnavernd“. Því er beint til þátttakenda að ljúka fyrri hlutanum helst innan sex mánaða og öllum fimm skrefum innan 12-18 mánaða.

Boðið er upp á raunfærnimat í samráði við þátttakendur. Unnið er að því, í samvinnu við Bandalag ástralskra skáta, að unnt verði að ljúka hluta grunnþjálfunarinnar í fjarnámi með netnámi (e-learning).

Gilwell-framhaldsþjálfun

Auk grunnþjálfunarinnar er boðin framhaldsþjálfun á ýmsum sviðum sem að gagna geta komið við ýmiss konar leiðtogastörf innan skátahreyingarinnar og utan. Með því að ljúka á fullnægjandi hátt nokkrum framhaldsnámskeiðum samkvæmt persónulegri áætlun og námssamningi fær viðkomandi Gilwell-skáti þriðju og svo fjórðu „skógarperluna“ og þar með aðild að Gilwell-teyminu sem er ábyrgt fyrir Gilwell-leiðtogaþjálfuninni.

Námskeið og vinnusmiðjur

Í fyrstu verða boðin eftirfarandi framhaldsnámskeið:

WOSM og Skátaaðferðin

Hugmynda- og aðferðafræði skátahreyingarinnar – Skátaaðferðin og starfsgrunnur skátastarfs. Einkum ætlað reyndum fullorðnum skátum og þeim sem sóttu Gilwell-námskeið eða luku Gilwell-þjálfun 2012 eða fyrr.

Gilwell-leiðbeinendur

Hlutverk og verkefni ráðgjafa Gilwell-leiðtogaþjálfunar, sett upp sem vinnusmiðjur.

Mannauðsstjórnun og fullorðnir í skátastarfi

Ný sýn á þátttöku og hlutverk fullorðinna sjálfboðaliða í starfi skátahreyingarinnar.

Verkefna- og viðburðastjórnun

Hugmynda- og aðferðafræði verkefnastjórnunar.

Fjarnám á internetinu

Í samvinnu við Bandalag ástralskra skáta er unnið að því að geta boðið fjölmörg framhaldsnámskeið með fjarkennslusniði á internetinu. Með þessu tilboði verður unnt að skapa enn meiri sveigjanleika í leiðtogaþjálfuninni. Nánari upplýsingar verða kynntar á heimasíðu skátanna.

Gilwell skálinn Úlfjótavatni



Ánægðir þátttakendur

Umsagnir þátttakenda sem lokið hafa breyttri Gilwell-leiðtogaþjálfun:

“ Þetta var ótrúlega fræðandi og skemmtilegt.
Hanna Guðmundsdóttir – Árbúum

“ Er allavega miklu ríkari eftir námskeiðið af reynslu og hugmyndum en ég var áður. Gilwell-teymið getur verið mjög stolt af því sem það er að gera.
Ingi Þór Ásmundsson – garðyrkjumaður og verktaki

“ Þetta var æðislegt, mjög fræðandi og skemmtilegt.
Sigríður Vígðís Þórðardóttir – Heiðabúum

“ Lokaskrefið skerpir á hugmyndafræði Skátanna, sem er gott að styðjast við í stjórnun og ágreiningi. Ég nota og minni á Skátaaðferðina í kennsluáætlunum mínum.
Sigríður Júlía Bjarnadóttir – kennari við Iðnskólann í Hafnarfirði



gilwell

LEIÐTOGAPJÁLFUN

Skátahreyfingin er uppeldishreyfing sem hefur það markmið að veita ungu fólki tækifæri til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir samfélagsþegnar. Fullorðnir skátar eru kjölfestan í góðu skátastarfi, þeir eru ábyrgir fyrir uppeldislutverki hreyfingarinnar.

Gilwell-leiðtogaþjálfuninni er ætlað að byggja ofan á reynslu þátttakenda og gera þeim kleift að marka sér stefnu og setja sér markmið til enn frekari þroska, átaka og sigra í skátastarfi og í lífinu yfirleitt.



Skátarnir